

EYD-212

| | | | |
|---|------------------|-------------------|-------------------------------|
| Heiti: Röskun lands og umgengni við lífríki og náttúru | Númer: 16 | Flokkun: A | Dagsetning: 23.11.2007 |
|---|------------------|-------------------|-------------------------------|

Lýsing á umhverfisþætti:

Öllum stærri framkvæmdum Landsvirkjunar fylgir jarðrask og þær geta haft áhrif á lífríki og náttúru en það geta einnig starfsmenn Landsvirkjunar, ráðgjafar og verktakar á hennar vegum. Helstu þættir sem ber að nefna í þessu sambandi eru:

Jarðrask getur m.a. orðið vegna haugsetningar, efnistöku, vinnubúða, aðstöðusköpunar, gerð uppistöðulóna, stíflna og veituleiða, lagningu háspennulína og jarðstrengja, vega og borplana svo og vegna aksturs utan vega.

Efnamengun hvers konar sem berst í jarðveg eða vötn sem getur orsakast t.d. af olíuleka frá olíugeymum, farartækjum og ýmsum tækjabúnaði eða vegna meðhöndlunar spilliefna og úrgangs.

Umhverfisáhrif:

Jarðrask vegna mannvirkjagerðar, efnistöku, haugsetningar og aksturs utan vega getur leitt til óafturkræfra náttúruspjalla á gróðri eða náttúruminum og aukið jarðvegsrof, skert landslagsheildir og haft neikvæð sjónræn áhrif. Önnur áhrif geta verið staðbundin á gróður, dýralíf og jarðmyndanir.

Umhverfisáhætta:

Skortur á stýringu og viðeigandi upplýsingum til starfsmanna, ráðgjafa og verktaka á undirbúnings og framkvæmdastigi getur valdið alvarlegum skaða á lífríki og náttúru. Töluverð umhverfisáhætta getur skapast við meðhöndlun og flutning eiturefna og hættulegra efna, sérstaklega á viðkvæmum svæðum. Sérstök áhætta er af olíuleka vegna meðhöndlunar eða geymslu eldsneytis og olíuleka frá vinnuvélum.

Fyrirbyggjandi stýring:

Í hverju verkefni er umhverfisáhætta þess metin samkvæmt leiðbeiningum þar um. Umhverfisáhætta er skilgreind sem frávik frá skilyrðum sem starfsmenn eru sett eða frá markmiðum Landsvirkjunar. Í verkefnum sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfimat áætlana eru umhverfisáhrif skilgreind.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að viðhalda landslagsheild svæða við hönnun og byggingu mannvirkja. Skilgreind eru mörk framkvæmdasvæða og fjöldi þeirra og stærð takmörkuð. Gerðar eru kröfur um að halda jarðraski í lágmarki á öllum stigum verksins.

Við akstur utan vega eru gerðar sérstakar kröfur til búnaðar og farartækja.

Meðhöndlun og flutningur eiturefna og hættulegra efna ásamt förgun spilliefna og úrgangs skal vera skv. lögum og reglugerðum. Í hverju tilfalli er metið hvort ásættanlegur umhverfislegur ávinningur náist með því að setja strangari kröfur um meðhöndlun þessara efna en lög og reglugerðir segja til um.

Í samningum og útboðsgögnum skal gera viðeigandi kröfur til að fyrirbyggja umhverfisáhættu.

Vöktun:

Í hverju verki er skilgreind þörf á innra eftirliti vegna hugsanlegrar umhverfisáhættu. Starfsmenn Landsvirkjunar skrá frávik í tilkynningargrunn.

Ástæða flokkunar:

Röskun lands og umgengni við lífríki og náttúru er flokkaður sem A umhverfisþáttur. Ástæðan er sú að fyrir hverskonar jarðrask eins og efnistöku, stíflugerð, gerð lóna, lagningu lína og aksturs utan vega gilda ýmiss lög, þ.m.t. lög um mat á umhverfisáhrifum og lög um náttúruvernd.

Þjóðarmarkmið er að endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Þá eru þjóðarmarkmið um að reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna. Þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.

Þá er umgengin í sátt við lífríki og náttúru eitt af yfirmarkmiðum Landsvirkjunar.